

Verein gegen Tierfabriken Schweiz gegen Sviss

Dómur frá 4. október 2007

Mál nr. 32772/02

10. gr. Tjáningarfrelsi

Bann við birtingu auglýsingar.

1. Málsatvik

Kærandi er dýraverndunarsamtök sem skráð eru í Sviss. Þau berjast meðal annars gegn tilraunum á dýrum og slæmum aðbúnaði sláturdýra. Sem andsvar við auglýsingum kjötframleiðenda gerði kærandi árið 1994 auglýsingu sem sýndi svín í litlum stíum og var aðbúnaði dýranna líkt við það sem tíðkaðist í útrýmingarþúðum. Í auglýsingunni var fólk hvatt til að draga úr kjötneyslu vegna heilsu sinnar, velferðar dýranna og umhverfisins. Kæranda var neitað um að birta auglýsinguna í sjónvarpi. Hann bar ákvörðunina undir dómstóla en án árangurs. Þá niðurstöðu kærði kærandi til Mannréttindadómstóls Evrópu sem taldi í dómi frá 28. júní 2001 að með neitun um að heimila birtingu á auglýsingunni hefðu svissnesk stjórnvöld brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Á grundvelli þessarar niðurstöðu Mannréttindadómstólsins fór kærandi fram á það, fyrir svissneskum dómstólum, að leyft yrði að sýna auglýsinguna. Hæstiréttur Sviss hafnaði kröfu kæranda um endurskoðun fyrri úrlausnar m.a. á þeim forsendum að kærandi hefði ekki sýnt fram á að hann ætti enn hagsmuna að gæta, en átta ár voru liðin frá því upphaflega stóð til að sýna auglýsinguna. Auk þess væri kröfugerð í málinu ekki nægjanlega skýr. Kærandi lagði þá málið að nýju fyrir Mannréttindadómstólinn sem leit svo á að um nýtt mál væri að ræða þar sem höfnun svissneska dómstólsins á að endurskoða fyrri ákvörðun sína gæti falið í sér nýtt brot á rétti kæranda samkvæmt 10. gr.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með áframhaldandi banni á sýningu auglýsingarinnar væri brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að Hæstiréttur Sviss hefði hafnað beiðni kæranda á þeim forsendum að ekki hefði komið nægilega skýrt fram hvaða kröfur voru gerðar í málinu. Þessi rökstuðningur var ekki talinn standast þar eð ljóst væri af málinu í heild að kærandi vildi fá að birta auglýsinguna sem þessi sami dómstóll hafði synjað honum um að birta árið 1997.

Önnur röksemd hefði lotið að því að kærandi hefði ekki sýnt fram á að hann hefði næga hagsmuni af því að fá að sýna auglýsinguna í upphaflegri mynd. Þetta féllst dómstóllinn ekki á þar sem það væri hlutverk kæranda sjálfs en ekki dómstóla að meta hvort enn væri tilgangur með sýningu auglýsingarinnar. Þá hefði ekki verið sýnt fram á að umræðan um aðbúnað sláturdýra hefði breyst eða glatað vægi sínu frá því auglýsingin var gerð árið 1994.

Að öllu virtu taldi Mannréttindadómstóllinn ástæður þær sem tilgreindar voru fyrir niðurstöðu svissneskra dómstóla ekki fullnægjandi til að skerða mætti tjáningarfrelsi kæranda með þessum hætti. Það væri og í hag lýðræðislegs samfélags að tjáningarfrelsi væri tryggt þegar umræðan beindist að málum er vörðuð almannahagsmuni. Því hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.